

Reykjavík, 17. maí 2015

Sönnunargögn voru ranglega metin
-Ólafur Ólafsson óskar eftir endurupptöku á máli sínu

Ólafur Ólafsson hefur óskað eftir því við endurupptökunefnd að hæstaréttarmál nr. 145/2014, Al Thani málið svokallaða, verði tekið til meðferðar og dómsuppsögu að nýju hvað hann varðar. Helsta ástæðan fyrir beiðninni er sú að í dómi Hæstaréttar voru sönnunargögn í málinu ranglega metin. Það hafði veigamikil áhrif á niðurstöðu dómsins sem dæmdi Ólaf til fjögurra og hálfis árs fangelsisvistar fyrir markaðsmisnotkun.

Að mati Ólafs lagði Hæstiréttur rangt mat á símtal tveggja manna, þar sem annar vísar til samtals við ótilgreindan mann sem kallaður var „Óli“, um tiltekna þætti viðskiptanna sem málið tók til. Í vitnisburðum fyrir héraðsdómi og öðrum sönnunargögnum málsins kemur skýrt fram að þarna var átt við Ólaf Arinbjörn Sigurðsson lögmann. Þrátt fyrir þessa staðreynd telur Hæstiréttur að vísað hafi verið til Ólafs Ólafssonar.

Um grundvallaratriði er að ræða. Af umræddu símtali er sú ranga ályktun dregin að Ólafur Ólafsson hafi verið upplýstur um tiltekna þætti viðskiptanna, þrátt fyrir að fyrirliggjandi gögn sýni annað. Ekkert annað í málinu sýnir fram á meinta vitneskju Ólafs um þessi atriði. Þessi ranga forsenda er hornsteinninn að sakfellingu Ólafs í dómi Hæstaréttar sem telur að á grunni símtalsins sé hafið yfir skynsamlegan vafa að Ólafur Ólafsson skyldi njóta arðs til jafns við Al Thani.

Verjendur höfðu ekki tækifæri til þess að leiðrétta þessi mistök Hæstaréttar því símtalið var ekki tekið til efnislegrar meðferðar í málflutningnum, fyrirliggjandi gögn bentu ekki til þess að vafi ríkti um þetta atriði og ekkert gaf til kynna að dómarnir skildu efni símtalsins með öðrum hætti en héraðsdómur, ákærvald, verjendur og ákærðu.

Það er grundvallaratriði þegar einstaklingur er dæmdur í fangelsi að það sé gert á réttum forsendum og forsvaranlegu mati á gögnum málsins. Það var ekki raunin í þessu máli, a.m.k. hvað þetta varðar, og er því beiðst endurupptöku málsins.

Nánari upplýsingar veitir:

Þórólfur Jónsson, hdl., s. 860 2325